

Mættir: Adda Bára Hreiðarsdóttir, Guðný Jóhannesdóttir, Jóhanna Dögg Stefánsdóttir, Margrét B. Aradóttir, Hrund Hlökkversdóttir, Anna María Sigfúsdóttir, Pétur Snær Hreiðarsson, Emilía Dagbjört Guðmundsdóttir. Fjarverandi, Benjamín Örn Davíðsson.

Dagskrá:

1. Skólaslit og verðlaunaafhendingar

Tillaga kom upp meðal kennara um að hafa skólaslit kl. 18:00 í stað þess að hafa þau kl. 20:00 eins og hefð hefur verið fyrir. Foreldrar hafa bent á að það sé ansi seint að fara með ung börn svo seint á skólaslit þegar komið er að háttatíma hjá þeim mörgum.

- samþykkt af skólaráði.

Umræða hefur verið um að fækka verðlaunum og viðurkenningum sem hafa verið veittar einstaklingum sem skarað hafa fram úr í námi eða hafa sýnt framfarir í skólanum. Rökin eru sú að það verður æ erfiðara að velja einhvern einn úr bekknum og árangur í námi hefur breyst frá því sem áður var. Litið er til miklu fleiri þátta í dag sem teljast til árangurs sem er í takt við jákvæðan aga, agastefnu Hrafnagilsskóla.

Verðlaun og viðurkenningar verða nú afhent á síðustu samverustund í skólanum en ekki á skólaslitunum sjálfum. Það á eftir að móta þetta betur og taka ákvörðun um skrefin sem verða tekin..

- skólaráð er samþykkt því að endurskoða þennan lið. Skólaráð leggur til að fella niður framfaraverðlaun innan bekkja, halda inni Kristínarsjóðsverðlaunum, spurning með skólaþegn og prúðmennskuverðlaun í 7. bekk. Skoða með verðlaun fyrir hæstu meðaleinkunn.

2. Afmæli skólans

Um þessar mundir er skólinn 50 ára og það eru hugmyndir um að halda veglega hátíð í haust. Hugmyndin er að hafa þemadagana í nóvember undir og síðan hátíð á degi íslenskrar tungu 16. nóvember að halda þá afmælishátíðina.

3. Málþing í haust

Hugmynd um að halda málþing í haust með aðkomu foreldra, nemenda og kennara.

Hugmyndin er að hafa yfirheitið Líðan nemenda og geðrækt. Mætti líka blanda fleiri umræðupunktum inn í t.d. varðandi námsgleði.

Líðan nemenda og jákvætt hugarfar.

Hugmynd að fá utanaðkomandi aðila sem stýrir umræðum foreldra og kennara/ starfsmanna.

Til dæmis frá samtökunum heimili og skóli. Eða sálfræðing.

Hafa inn í samræðuna um ábyrgð og samskiptum heimili og skóla.

Halda málþingið í tvennu lagi - nemendur saman og sama skipulag og var fyrir covid.

Síðan heimili og skóla saman.